



## Til sambandsaðila ÍSÍ

Reykjavík, 25. október 2022

### Efni: Formannafundur ÍSÍ 2022 – fyrra fundarboð

#### Ágætu félagar!

Hér með er boðað til Formannafundar ÍSÍ **föstudaginn 25. nóvember nk. kl. 15:30**. Fundurinn verður haldinn á höfuðborgarsvæðinu en nánari staðsetning verður send út síðar.

Vakin er athygli á því að ÍSÍ stendur fyrir kynningum á tveimur mikilvægum málefnum er varða íþróttahreyfinguna sama dag, **frá kl. 13:30 – 15:00**. Um er að ræða kynningu á þá nýútgefnum verkferlum varðandi mál sem upp koma í hreyfingunni og kynningu á leiðbeinandi römmum fyrir sambandsaðila ÍSÍ varðandi góða stjórnunarhætti.

Nauðsynlegt er að sambandsaðilar eigi fulltrúa á ofangreindum kynningum um þessi mikilvægu málefni.

Vakin er athygli á því að samkvæmt lögum ÍSÍ þá eru framkvæmdastjórar sambandsaðila, þar sem þeir eru til staðar, einnig boðaðir til Formannafundar ÍSÍ. Í forföllum formanna sambandsaðila ÍSÍ taka varaformenn sæti í þeirra stað, að öðrum kosti stjórnarmaður, samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi stjórnar.

Sjá nánar um Formannafund ÍSÍ í [15. grein laga ÍSÍ](#):

Ferðakostnaður fundarmanna á Formannafund ÍSÍ greiðist af ÍSÍ.

Síðara fundarboð, sem inniheldur dagskrá fundarins og nánari upplýsingar, verður sent út a.m.k. tveimur vikum fyrir fundinn.

Með kveðju,  
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

  
Andri Stefánsson  
framkvæmdastjóri

